

28. nóvember 2012

Gagnsæistilkynning vegna athugunar á starfsháttum Arion banka hf. í tengslum við B. M. Vallá hf.

Með bréfi, dags. 23. ágúst sl., barst Fjármálaeftirlitinu (FME) ábending vegna starfshátta Nýja Kaupþings banka hf. (Nú Arion banki hf.) í tengslum við endurskipulagningu og síðar gjaldþrot B. M. Vallár hf. Ábendingin var útfærð nánar í bréfi, dags. 5. september sl.

FME tók ábendinguna til athugunar í samræmi við [verklagsreglur eftirlitsins þar að lútandi](#).

Að teknu tilliti til þeirrar umfjöllunar sem mál þetta hlaut í fjölmiðlum telur FME rétt að birta gagnsæistilkynningu þessa um niðurstöður athugunarinnar á grundvelli 9. gr. a. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

FME óskaði eftir upplýsingum og sjónarmiðum Arion banka hf. vegna málsins. Meðal þess sem óskað var eftir voru upplýsingar um verklag bankans og viðmið sem lögð voru til grundvallar við mat á því hvort samþykkja ætti endurskipulagningu fjárhags skuldara eða hvort fara ætti fram á gjaldþrotaskipti. Bæði var óskað eftir almennum upplýsingum um framangreint og sérstaklega í tengslum við B. M. Vallá hf.

Einnig var óskað eftir upplýsingum og sjónarmiðum bankans vegna umfjöllunar um að samningur milli „gamla Kaupþings“ og Nýja Kaupþings banka hf. um skilyrtan virðisrétt, eða viðaukar við þann samning, hafi innihaldið upptalningu á fyrirtækjum sem fyrirfram hafi verið ákveðið að krefjast gjaldþrotaskipta yfir óháð því hvort líklegt væri að fjárhagsleg endurskipulagning væri möguleg.

Svör Arion banka hf. við fyrirspurnum FME voru ítarleg og studd viðeigandi gögnum. Kom þar m.a. fram lýsing á tilraunum til endurskipulagningar fjárhags B. M. Vallár hf. ásamt umfjöllun um aðdraganda gjaldþrots þess þegar tilraunir til endurskipulagningar höfðu ekki borið tilætlaðan árangur.

Arion banki hf. hafnaði því að samningur bankans við „gamla Kaupþing“ um skilyrt virðisréttindi hafi innihaldið lista yfir félög sem fyrirfram hafi verið ákveðið að gera gjaldþrota og rökstuddi bankinn þá afstöðu.

Að lokinni yfirferð þeirra gagna sem bárust frá Arion banka hf. var það niðurstaða FME að ekki væri tilefni til athugasemda við starfshætti bankans í tengslum við tilraunir til endurskipulagningar og síðar gjaldþrot B. M. Vallár hf. Þá telur FME að ekkert í þeim gögnum sem eftirlitið yfirfór við athugunina renni stoðum undir fullyrðingar þess efnis að áður nefndur samningur um skilyrt virðisréttindi hafi innihaldið lista yfir fyrirtæki sem fyrirfram hafi verið ákveðið að krefjast gjaldþrotaskipta á.

Að teknu tilliti til framangreinds hefur FME lokið athugun á starfsháttum Arion banka hf. í tengslum við endurskipulagningu og síðar gjaldþrot B. M. Vallár hf. án athugasemda.